



Eftirlit með merkingum efnavara 2012

Samantekt úr vefgátt


Apríl 2013



INNGANGUR

Árið 2010 var unnið að verkefninu *Samræming efnavörueftirlits - gerð handbókar og vefgáttar fyrir gagnaskil*, og var það samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Meginmarkmið verkefnisins var að samræma efnavörueftirlit á landinu með því að fræða eftirlitsaðila og stuðla þannig að samskonar eftirliti um allt land. Með samræmdu eftirliti er tryggt að jafnræði gildi á markaði, þ.e. að sömu kröfur séu gerðar til samskonar fyrirtækja á öllu landinu og þannig stuðlað að öryggi allra landsmanna sem og umhverfi. Afurð verkefnisins var handbók um efnavörueftirlit sem var gefin út á rafrænu formi í október 2010 og vefgátt fyrir gagnaskil sem var tekin í notkun í febrúar 2011.

Vefgáttin er upplýsingaveitu um efnavörueftirlit og þar er safnað saman á einn stað upplýsingum um eftirlit með efnavörum á Íslandi. Þar eiga heilbrigðisfulltrúar á öllu landinu að skrá upplýsingar um niðurstöður efnavörueftirlits í gagnabanka. Vefgáttin er einnig lokaður samskiptavettvangur fyrir eftirlitsaðila og þar er hægt að nálgast upplýsingar um eftirlit frá öðrum HES-svæðum. Gagnabankinn nýtist síðan Umhverfisstofnun við að taka saman upplýsingar um eftirlit með efnavörum sem senda skal til ESA. Sjá 1. mynd



1. mynd: Gagnabanki HES og UST.


Vefgáttin hefur verið í notkun frá upphafi árs 2011 og komin ágæt reynsla af henni. Unnið hefur verið að frekari þróun og er í dag t.d. hægt að sjá tölfraðilega úrvinnslu raungagna með því að smella á einn hnapp í vefgáttinni.

Teknar hafa verið saman þrjár skýrslur um upplýsingar í vefgáttinni. Unnin var skýrsla fyrir fyrstu þrjá og sex mánuði ársins 2011 og í upphafi árs 2012 var tekin saman skýrsla fyrir undangengið ár. Ætíð var send tilkynning með góðum fyrirvara til allra framkvæmdastjóra HES og heilbrigðisfulltrúa í efnavörueftirliti til að tryggja að öll gögn væru komin inn í gagnabankann.

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður um eftirlit með merkingum efnavara fyrir allt árið 2012 og var tilkynnt með góðum fyrirvara að öll gögn yrðu að vera komin inn í gagnabankann fyrir 20. janúar 2013.

NIÐURSTÖÐUR

Samkvæmt upplýsingum úr vefgáttinni var farið í 223 eftirlitsferðir þar sem merkingar á efnavörum skoðaðar árið 2012. Á 2. mynd má sjá hvernig fjöldinn skiptist niður á heilbrigðiseftirlitssvæði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fór í langflestar ferðir, eða 162. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis fór í næstflestar heimsóknir (35) og Heilbrigðiseftirlitið á Norðurlandi eystra fór í 12 heimsóknir. Til samanburðar þá var farið í 352 eftirlitsferðir árið 2011, skv. upplýsingum úr vefgátt.




2. mynd: Fjöldi eftirlitferða eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum.





Í vefgáttinni þarf að skrá inn tegund fyrirtækis og hvaða vöruflokkar eru skoðaðir. Á 3. mynd má sjá fjölda eftirlitsferða eftir tegund fyrirtækis. Eins og sjá má var oftast farið á matvöruverslanir (61 sinnum) og hárgreiðslustofur (33 sinnum). 23 sinnum var hakað við fyrirtækjaflokkinn „Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur“ en það er gert ef viðkomandi fyrirtæki passar ekki við neinn af þeim flokkum sem hægt er að velja úr.




3. mynd: Fjöldi eftirlitsferða eftir tegund fyrirtækis



Í vefgáttinni þarf að skrá viðbrögð við eftirlitinu, þ.e. spurt er hvort kröfur eru gerðar um úrbætur. Þar er um þrjá svarmöguleika að ræða sem má sjá hér að neðan og eru þeir útskýrðir nánar í handbók um efnavörueftirlit:

- **Já = kröfur gerðar um úrbætur innan ákveðins tíma og farið í eftirfylgniferð.**
- **Nei = Allt í finu lagi**
- **Nei, en athugasemdir gerðar = Engar kröfur um úrbætur, engin eftirfylgniferð.**

Eins og sést á 5. mynd þá voru gerðar kröfur um úrbætur eftir 54 eftirlitsferðir. Engar athugasemdir voru gerðar eftir 67 eftirlitsferðir og en minniháttar athugasemdir, þar sem ekki þótti þörf á eftirfylgni, voru gerðar eftir 94 eftirlitsferðir.



5. mynd: Eru gerðar kröfur um úrbætur?

UMRÆÐA

Heilbrigðiseftirlitsvæðin á Íslandi eru 10 talsins. Þau eru misjöfn að ýmsu leyti, s.s. hvað varðar stærð, fólksfjölda og hafa þróað með sér verklag sem hentar best á hverjum stað fyrir sig. Samkvæmt þeim niðurstöðum sem kynntar eru í þessari skýrslu þá lögðu heilbrigðiseftirlitssvæðin mismikla áherslu á eftirlit með merkingum efnavara árið 2012. Farið var í langflestar ferðir í Reykjavík en samkvæmt gögnum í gagnabanka var ekki farið í neina eftirlitsferð til að skoða merkingar efnavara á þremur heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Eins og fram kemur í inngangi er hér eingöngu um eftirlit með merkingum efnavara að ræða. Skyldur varðandi eftirlit með efnavörum ná yfir mun stærra svið, s.s. með markaðsleyfum, innflutningi, skráningum, takmörkunum og leyfisskyldu auk eftirlits með efnum í hlutum. Með nýjum efnalögum nr. 61/2013 sem tóku gildi í apríl 2013 eru gerðar grundvallarbreytingar á framkvæmd eftirlits með efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni. Umhverfisstofnun mun frá 1. janúar 2014 fara með eftirlit, óháð því hver veitir starfsleyfið, og verður megináhersla lögð á eftirlit efst í aðfangakeðjunni. Hlutverk heilbrigðisnefnda verður m.a. eins segir í 2. lið, 6. gr. nýrra laga „að hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisflokki starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins“. Þar mun vefgáttin nýtast áfram. Tveir starfsleyfisflokkar falla úr gildi; „Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni“ og „Verslun með fegrunar- og snyrtiefni“.